

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
11. fundur þriðjudaginn 28. maí 2019 kl. 8.30
Nefndasvið Alþingis

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH), Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Ný kosningastofnun, m.a. um mannaflaþörf og mögulegar leiðir til útfærslu.

Lagt fram minnisblað um nýja kosningastofnun ásamt gögnum um verkefni Þjóðskrár Íslands, landskjörstjórnar og dómsmálaráðuneytis í tengslum við kosningar.

Rætt um markmið með stofnun nýrrar kosningastofnunar, lögbundin og viðvarandi verkefni hennar. Í samræmi við stöðugildi við norsku og sænsku kosningastofnanirnar hefur verið leitast við að finna út fjölda starfa við nýja kosningastofnun. Ljóst að einhver stöðugildi gætu sparast hjá opinberum aðilum ef slík stofnun verður sett á fót en einnig snýr þetta að lyfta kosningaverkefnum upp og sinna ýmsum verkum þeim tengdum sem legið hafa í láginni með markvissari hætti til að tryggja stofnanaminni og að mikilvæg kosningaþekking glatist ekki. Í umræðum var nefnt að kosningastofnunin gæti fengið fleiri verkefni til sín en talin eru upp í minnisblaðinu, t.d. eftirlit með fjármálum stjórnmalasamtaka sem Ríkisendurskoðun hefur með höndum í dag.

Rætt um fjórar leiðir við að koma kosningastofnun á fót; sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra, sjálfstæð stofnun sem heyrði undir Alþingi, kosningatengd verkefni færð til stofnunar, t.d. Þjóðskrár Íslands, eða kosningatengd verkefni áfram hjá dómsmálaráðuneyti en aukið við mannafla. Nefndarmönnum list best á stofnun sem heyrir undir ráðherra en gæta þurfi þess að fjármunir nýtist sem best til þessara verkefna og að hún verði burðug stofnun. Ekki er hætta á pólitískum áhrifum þó stofnunin heyri undir ráðherra þar sem gert er ráð fyrir sjálfstæðri úrskurðarnefnd kosningamála. Síðri kostir eru að koma verkefnunum inn í stofnun sem nú þegar er starfandi og að auka við mannafla í ráðuneytinu

enda hætta á að kosningaverkefni myndu tynast þegar markmiðið er einmitt að auka það til vegs og virðingar. Kosningastofnun sem heyrði undir Alþingi myndi stinga í stúf þar sem stofnanir Alþingis hafa eftirlit með stjórnsýslu framkvæmdavaldsins en eru ekki framkvæmdastofnanir eins og fyrirliggjandi tillaga fjallar um.

Athuga þarf sérstaklega breytt hlutverk landskjörstjórnar ef kosningastofnun verður að veruleika. Hægt væri að breyta landskjörstjórn í ráðgefandi stjórn slíkrar stofnunar eða fela henni afmarkaðri verkefni t.d. að danskri fyrirmynd (d. valgnævn sem fjallar um kosningarétt búsettra erlendis og skráningu stjórnmalasamtaka). Bent á að engin stjórn er yfir norsku kosningastofnuninni og sú sem er yfir þeirri sænsku er ekki pólitískt kjörin. Ákveðið að skoða bresku kosningastofnunina, The Electoral Commission, nánar. Í umræðum kom m.a. fram að taka ætti til skoðunar hvort kjósa ætti landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir til lengri tíma en fjögurra ára, t.d. til fimm eða sex ára.

Utan við tillögu um stofnun nýrrar kosningastofnunar er úrskurðarnefnd kosningamála en allir nefndarmenn eru sammála um sérstakt hlutverk hennar eins og lagt var upp með í tillögum fyrri vinnuhóps.

Ákveðið að starfsmenn setji fram tillögu um kosningastofnun sem heyri undir ráðherra, hlutverk landskjörstjórnar, úrskurðarnefnd kosningamála og hvaða verkefni verði áfram unnin í dómismálaráðuneyti.

3. Tímalína kosninga.

Rætt um tímalínu kosninga og ábendingar ÁJ. Lagt til að viðmiðunardagur kjörskrár verði 33 dögum fyrir kosningar, þ.e. fyrir en tillögurnar frá 2016 segja til um, þ.e. áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst. Einnig lagt til að viðmiðunardagurinn verði settur á mánudegi kl. 12 í stað laugardags. Einnig lagt til að ákvörðun um skiptingu Reykjavíkurborgardæma gerist fyrir í ferlinu eða 56 dögum fyrir kjördag svo því sé lokið fyrir viðmiðunardag kjörskrár. Taka ætti til skoðunar hvenær frestir renna út almennt og kanna hvort ekki væri hagkvæmara að tímafrestir féllu á virka daga í stað föstudaga eða laugardaga.

4. Önnur mál.

Bent á að halda þurfi til haga ákvæðum sveitarstjórnalaga um rafrænar íbúakosningar, en þar er vísað til laga um kosningar til sveitarstjórnar, við gerð frumvarps til heildarlaga um kosningar.

Fundi slitið kl. 9:55